



1, 11.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON  
KITSTJÓRI.

Okt. 1906.

### Haustið.

„Komið er haust!“

En så munur, sem er á vorinu og haustinu!

Á vorin fer að hlýna og alt að grænka og lifna. Á haustin fer að kólna og alt að fölna og deyja.

Þykir ykkur gaman að haustinu, börn? Eg held það. Þið eruð svo breytingagjörn. Og þið sjáið breytinguna, sem verður á haustinu — marglita möttulinn, sem haustið fer í. Og þið sjáið mörgu blöðin, bleiku, gulu, rauðu, dröfnóttu og flekkóttu, fjúka, fljúga, hoppa og leika sér.

Það er fegurð yfir haustinu — önnur að vísu en vorinu. Og það er fögnuður yfir haustinu — annar að vísu en vorinu. Og það talar öðru máli og flytur annað erindi, aðra lexíu — haustið en vorið.

Það er alvarlegra. Sumir myndu segja: Það er þunglyndi í haustinu. En haustið er ekki þunglynt. Það eru þeir þunglyndu, sem leggja þunglyndi sitt inn í haustið, og gera það svo þunglynt. En þið eruð ekki þunglynd. Og það er engin hætta á því, að þið gerið haustið þunglynt.

En eins og eg sagði er haustið alvarlegra en vorið. Og það flytur alvarlegri lexíu.

Æskan er vorið. Ellin er haustið. Og ellin er alvarlegrí en æskan. En þunglyndi heyrir ekki ellinni til, nema þegar hún er gerð þunglynd.

Þegar illa er farið með æskuna og æfina, þá er ellin gerð þunglynd. Og það er von, að hún verði þá þunglynd — ellin.

Líklega þykir ykkur þá vænna um vorið, börn, en haustið — káta, kvika vorið með nýungunum mörgu, sem það færir ykkur. Ykkur finst þið vera í aett við vorið — það vera einskonar frændi ykkar. Og ykkur þykir vanalega vænt um frændurna ykkar og frænkurnar.

Og ef þið ættuð að velja um vorið eða haustið, þá mynduð þið sjálfsagt kjósa heldur vorið. Og þegar þið hugsið um kuldann, sem kemur með haustinu, og að kuldinn rekur ykkur inn í hús, og að þið getið ekki verið úti eins mikið og áður, þá kjósið þið ykkur heldur, að einlægt sé vor. Og þegar þið hugsið um það alt, sem haustið tekur frá ykkur—blómin og grösin og blöðin á trjánum og löngu dagana og hlýindin — þá viljið þið helst, að haustið kæmi aldrei. Og ykkur finst þá að haustið muni vera slæmt.

En haustið kemur samt. Það er ekki til neins að nöldra um það eða malda í móinn og segja við mömmu: „Mamma, eg vil ekki haustið! Það má ekki koma!“ Haustið kemur áreiðanlega — einu sinni á hverju ári. En ekki til þess að vera slæmt við ykkur. Því haustið er ekki slæmt.

Þið skiljið ekki haustið, ef þið haldið, að það vilji vera slæmt við ykkur. Það vll það alls ekki. Það er eitt, sem það vill segja ykkur og kenna ykkur. Og það þurfið þið endilega að læra.

Hvað haldið þið það sé? Eg skal segja ykkur það, ef þið viljið taka eftir. Takið nú eftir!

Já, það er gaman að horfa framan í ykkur núna — horfa inn í hýru augun fallegu á ykkur, bláu, gráu og brúnu, sem næna svo vonarlega og segja svo skemtilega: „Segðu okkur það þá! Við hlustum öll á!“

### *Hvað haustið segir.*

Þegar haustið kemur og blómin fölna og grösin og blöðin á trjánum, og dagarnir styttast og kólna—, þá hættir fólkvi við að segja: „Svona er alt breytilegt og hverfult. Hið fagra varir stutta stund. Það fölnar, deyr og hverfur. Þetta er sorglegt! Og haustið vekur sorgar-hugsun.“

„Nei!“—segir haustið. „Eg flyt engan sorgar-boðskap. Og það er engin hrygð yfir mér. Eg er hýrt á svipinn og eg vek engar sorgar-hugsanir, nema hjá þeim, sem illa hafa farið með „vorið“ og „sumarið“ sitt. Það er þeim að kenna, þegar sorg vaknar hjá þeim við að sjá mig. Þegar blómin fölna og

grösin og blöðin á trjánum, þá segi eg: *Sjáið nú til! Þau hafa lokið verki sínu. Þau eru búin að vinna það, sem guð ætlaði þeim að vinna. Þau fara sjálf; en verkið sitt, sem guð fékk þeim að vinna, skilja þau eftir, til þess að aðrir hafi gott af því.*

Þetta segir haustið við okkur öll. Og það miðanir okkur þá á verkið, sem guð hefur fengið okkur í hendur að vinna. Og það hvetur okkur til þess að vinna trúlega verkið okkar og gera það eins og guð vill að það sé gert. Og þá segir „haustið“ okkar, haustið æfi okkar, um hvern okkar: „Hann lauk verkinu, sem guð fékk honum í hendur að vinna. Hann fór heim, en skildi eftir það, sem hann vann, öðrum til blesunar.“

Það er ekki nóg, að einhver segi þetta um okkur. Og það er ekki ánægjuleg tilhugsun, að þetta verði sagt um okkur, ef það er ekki satt. Ósannindi gera engan glaðan. En það kemur marg-oft fyrir, að um margan er sagt: „Hann hefur lokið verkinu sínu“—þó ekki sé það satt. Þó hann í rauninni hafi ekki byrjað á verkinu sínu. Hafi einlægt verið að hugsa um alt annað en það, sem guð vildi að hann ynni. Eða hafi ekki verið nema að eins byrjaður á því, af því hann sá svo seint, hvað guð ætlaði honum að gera.

Guð þarf sjálfur að segja þetta um okkur, að við höfum lokið verki okkar — verkinu, sem hann fékk okkur. Þá verður „haustið“ okkar dýrðlegt.

Og lexian, sem hvert haust vill kenna okkur að læra, er sú, að við hugsum um verkið okkar og vinnum það. Vinnum það, sem guð vill að við vinnum. Lifum svo, að við sjálf höfum gott af því, og aðrir líka. Og lífið okkar verði guði til dýrðar.


Haustið vill þá vera gott við okkur.

---

### *HAUST-LJÓÐ.*

Eg vil minna ykkur á haust-ljóðin nr. 80 í *Bandalags-söngunum*: „Mér keðn þú líkt þér, bjarkar-blað! að blikna glaðr, er haustar að.“ Þau eru falleg. Þið ættuð að læra þau. Og læra að syngja þau. Danska skáldið Adam Oehlenschläger hefur orkt þau. Hann dó um miðja síðastliðna öld. Skáldið okkar, Grímur heitinn Thomsen, sem dó fyrir nokkrum árum, býddi. Var þyðingu hans ofur-lítið breytt söngsins vegna. Lagið er nr. 161 í kirkjusöngsbók Bjarna Þorsteinssonar: „Að

kveðja heim sem kristnum ber.“ Það er hjartnæmt, lag og orkti Bergreen, tónskáldið danska, lagið við þessi ljóð. Lærið nú lagið og ljóðin.



### SVALADRYKKURINN. (Úr ensku.)

„Gerðu svo vel, Anna, og gefðu mér postulíns-bollann minn“—sagði Dísa litla. Hún korn að utan, og hafði átt í stríði við að lesa í nýju myndabókinni sinni.

Anna var að taka hýðið af ertum fyrir miðdagsverðinn og vildi ekki láta ónáða sig.

„Hvað ætlarðu að gera með bolla —spurði hún önug.

„Eg ætla að gefa gömlum manni að drekka.“

„Þú getur þá tekið ausuna.“

„Nei. Ausuna get eg ekki brúkað. Eg þarf að fá bollann minn. Og eg þarf að flýta mér — óttalega að flýta mér“ — sagði Dísa, og hermdi eftir Tuma, bróður sínum.

„Eg læt ekki nein uppátæki þín tefja fyrir mér“—svrarar Anna, og keppist við í ákafa. „Eg þarf líka að flýta mér. Ertuðnar þær arna ættu að vera komnar í pottinn. Þess utan — hvaða karl er þetta? Ef mamma þín væri heimna, þá held eg ekki hún myndi leyfa þér að gefa hvaða karli, sem kæmi, að drekka úr bollanum þínum. Liklegast er þessi karl flækingur.“

„Nei, hann er enginn flækingur! Hann er læ'sein*r*.“

„Læ'sein*r*!“—át Anna eftir, og fór að skellihlæja. „Hvað er það?“

„Veistu það ekki? Pabbi las um þá í bíblíunni. Það erú þjónar Jesú. Og hann vill, að fólk gefi þeim gott kalt vatn að drekka, þegar þeir eru þyrstir.“

„Það er það sama! Eg get ekkert gert við því“—sagði Anna. „Eg get ekki verið að hlaupa einlægt frá verkinu mínu, til þess að sinna hverju sem er. Taktu ausuna, ef þú endilega þarf að gefa honum að drekka.“

„Æ, góða“—sagði Dísa. „Eg sagði þér, að eg gæti ekki brúkað ausuna. Það stendur *bolla*.<sup>\*</sup> Og eg vil fá fallegasta bollann minn — þann með lítla fuglinum á. Æ, gerðu þetta! Náðu honum fyrir mig!“

---

<sup>\*</sup>) Í bíblíu-þýðingunní ensku stendur *cup*, bolli, bikar.

„Get það ekki,“ —sagði Anna, og herti sig enn meir með að taka hýðið af ertunum.

Veslings-Dísu var heitt. Og líuin var hún líka. Hún hélt höndunum undir hökuna á sér með olnbogana á þröskuldinum, og vissi ekkí, hvað hún átti til bragðs að taka. Tár komu í augun á henni. Hún tekur þá hvítu svuntuna sína og felur lítlæ andlitið í henni og fer að snökta. Í því bili kemur afi hennar utan úr garðinum og sér hana.

„Uss! Uss! Hvað gengur að uppáhaldinu mínu?“ —segir hann, og sest á þrepíð hjá henni, tekur hana inn að sér og burkar framan úr henni svitann og tárin með hreina vasaklútnum sínum. Hann er fljótur að skilja, hvað að er. Stendur á fætur og segir: „Kondu inn með mér og sýndu mér, hvar hann er.“

Nú varð óðar andlitið á Dísu eintómt sólskin. Og hoppandi við hliðina á afa sínum leiddi hún hann inn að skápnunum í borðstofunni. Og var nú ekki vitund líuin.

Afi hennar náði ofan fallega bollanum hennar. Tók vatnskrukku og fylti hann með köldu vatni. Og svo fóru þau bæði og flýttu sér, það sem þau gátu, veginn niður frá húsinu.

Þegar gamli Mr. Burton lagði gangandi á stað um morguninn til næsta bæjar, kom honum ekkí til hugar, að leiðin væri eins löng eða að það myndi taka eins upp á hann að ganga þetta. Hann var ókunnugur á þessum stöðvum, og var á leið til sonar síns. Þegar hann kom úr járnbrautarvagninum, var póstvagninn farinn. Hann var of fáttækur til þess að kaupa sér keyrslu. Þurfti hann því að fara fótgangandi þessar fimm mílur í steikjandi sólarhitanaum.

Þó hann færí sér hægt, tók hann að þyrsta mjög, og óskaði bess, að hann hitti á vatnslind við veginn, en hún var engin til. Hann sá þá stórt hús hvítt fram undan sér á hæð nokkurri, og sagði þá við sjálfan sig: „Eg held eg verði að koma þar við og fá mér að drekka. En—það er ríkt fólk, sem býr þar, og líklega heldur það um mig, að eg sé flækingur, og sigar svo hundunum ef til vill á mig.“

Hægt og hægt kom hann nær. Hann horfði á fallega túnið fvrir framan húsið, og á stóru trén, sem stóðu á því, og á svölu skuggana undir þeim. Og þá varð hann var við, að lítil stúlka stóð við framhlíðið. Hún hafði á höfðinu hvíta barða-stóra línhettu, sem faldi rósfagra andlitið, en augun bláu litu brosandli upp á ókunnuga manninn, þegar hann heilsaði henni.

„Ertu læ's'einn?“ —sagði hún við hann og var ögn feimin,

„Hvað þá?“—spurði gamli maðurinn, og horfði niður.

„Læ's eian. Elskarðu Jesú?“

„Ó! þú átt við *lærisvein*. Já, litla stúlka míni, eg heyri drottni Jesú til“—sagði Mr. Burton.

„Viltu fá að drekka vatn?“

„Já, það vil eg sannarlega, góðin míni.“

„Pá skal eg færa þér það.“ Og Dísa litla var óðar horfin inn á milli runnanna; en gamli maðurinn, sem líunn var orðinn, settist **niður í grasið** við veginn og beið.

Hann var farinn að halda, að hann myndi ekki sjá hana aftur, þegar hún kom með fallega postulíns-bollann sinn fullan af köldu vatni. Þá kom afi hennar líka með krukkuna fulla af vatni, svo að þyrsti ferðamaðurinn fékk alt það vatn, sem hann þurfti til að svala sér á.

Afi hennar bauð honum heim í húsið að borða. Þá var Brúnn aktygjaður og honum beitt fyrir vagn. Og afi sagðist hafa lofað Dísu, að hún skyldi fá að aka með sér; og þau gætu eins ekið til Woodbury eins og nokkuð annað. Öll fóru þau há upp í vagninn. Og gamli Brúnn hélt á stað, með þau. Vegurinn var sléttur og veðrið gott og viðræðurnar ánægjilegar, svo að þau voru komin til Woodbury áður en þau vissu af. Þar skildu þau við Mr. Burton. Hann sagðist aldrei myndi gleyma litlu stúlkunni, sem færði honum svaladrykkinn; en á hverjum degi, á meðan hann lifði, skyldi hann biðja guð að blessta hana.

Versið, sem Dísa átti við, er í Matteusar guðspj. 10, 42.

### *SMALINN, SEM VARD GJALDKERI KONUNGS.*

(Handrit H. Kr. Fr.)

Nushirvan Persakonungur hitti einhverju sínni fátækan smaladreng, að nafni Ali. Þótti konungi dreagurinn einarður og greindur í svörum, og fékk því góðan þokka til hans, tók hann að sér, og létt menta hann, sem föng voru á, og að síðustu gerði hann hann að gjaldkera sínum. Í þessu embætti sínu sýndi Ali bæði trúmensku og hollustu, en alt um það gerðust margir öfundarmenn hans, og báru það út, að hann drægi undir sig mikið fé af eignum landsins. Orðrómur þessi barst og konungi til eyrna. Með því að hann var sannfærður um, að hetta væri ósatt, réð hanum með sér, að láta rógberendur sér til skammrar verða, svo að þeir fyndu til hess. Hann lést trúua orðum þeirra, og kvað á dag, er þeir skyldu allir fylgja honum til húss Alis, svo að hann enga vitneskjú fengi um það á undan. Ali varð mjög forviða við komu konungs og fylgdarmanna hans; fylgdi hann þeim öllum að boði konungs um öll húsakynni sín.

Þar var ekkert skraut; allur húsbúnaður var óbrotinn og við-hafnarlaus. Konungur ætlaði þegar á braut aftur, en þá kom einn fylgdarmanna hans auga á járnhrud eina litla með styrkum lásum fyrir. Hann skundaði þegar til konungs, og benti honum á dyr þessar, og varð heldur svipglaður við. Nushirvan bauð Ali að opna dyr þessar. Ali varð fár við, en við það styrktust fylgdarmenn konungs í þeirri ætlun, að þar myndi mikil fé geymt inni. Dyrnum var lokið upp, konungur gekk inn, og hinir aðrir þustu allir ina á hæla honum. Í herbergi þessu voru engir peningar fundnir; þar var alls ekkert fémætt inni, en á einum veggjum hékk smalabúnaður og hattur, smalapípa og smalataska úr skinni. Ali gekk þá fyrir konung og mælti svo: „Þá er þú, herra, fyrir þrjátíu árum, lést mig verða náðar þinnar aðnjótandi og tókst mig að þér, var þessi hinn lélegi búnaður aleiga míni. Þá er þú gerðir mig gjaldkera þinn, létt eg smíða herbergi þetta, og réð til fasta með mér, að virða oft fyrir mér þennan hinn fyrsta búnað minn, til að geyma hjarta míns fyrir dramblæti, og til þess að gleyma aldrei trúmensku þeirri og hollustu, sem eg er um skyldur konungi mínum og velgerðamanni; og þetta heit mitt hef eg efst. Leyf mér nú, herra, að hverfa aftur til fjalla þeirra, er þú tókst mig frá, þótt svo sé, að eg megi ekkert með mér hafa, nema búnað þennan, er einu sinni var aleiga mína.“ Allir þögðu, sem stokkar eða steinar. Nushirvan varð þá lítið til rógberanna. Peir stóðu sneyptir mjög og niðurlítir. Konungur tók þá gullkeðju af hálsi sér; var þar við fest mynd konungs í gullumgjörð, settri dýrmætum gimsteinum. „Pigg þú þetta“—mælti hann við Ali; „og sé það vottur þakklætis hjarta míns fyrir trúmensku þína og hollustu. Eg vildi æskja þess, að mér gæfist oft færi á, að gefa slikeir gjafir fyrir líkan hugsunarhátt og lika mannkosti.“

---

### Sögur um dýr.

Eftir handriti H. Kr. Fr.

IV.

Maður er nefndur *Segonsak*, í Parísarborg á Frakklandi; hann var af göfugum ættum, og embættismaður þar í borginum. Hann hélt vagnmann mjög drykkfeldan. Vagnmaður þessi átti hund, er gat mæta-vel séð, hversu á stóð húsbóna sínum. Hundurinn sat ávalt í vagnsætinu á milli fóta húsbóna síns; þegar hann sá, að vagnmaðurinn var drukkinn, gó hann ávalt, og línti aldrei alla ferðina, sem hann vildi vara þá, er fram hjá

fóru, við hættu þeirri, er þeim væri búin sökum ofdrykkju vagnmannsins. Þetta gerði hundurinn allajafna, er vagnmaður var drukkið, en aldrei, er hann var ódrückkinn, og með fullu viti, og loksins var fólk farið að reiða sig á hundinn. Kona herra Segonsaks var vön að aka sér til skemtunar á degi hverjum, og bar það stundum við, að hún hætti við, þegar vagninn kom að dyrriðum og hundurinn tók að geyja, og gaf henni með því í skyn, að það væri ekki ráðlegt, að aka með vagnmanninum þann daginn.

---

### TIL GAMANS.

---

Saga af Daniel Webster, hinum mikla lögfræðing og ræðuskörung Bandaríkjanna, þegar hann var dreagur. Hann kom óhreinn um hendurnar í skólann. Og kennarinn átti í mesta striði með haðn, til þess að fá hann til að þvo sér. Einn morgun gáir hann að því, þegar hann er kominn að heiman, að hann hefir ekki þvegið sér sem best. Og til þess nú að bæta úr því, siekir hann aðra höndina á sér nokkurn veginn hreina. Að minsta kosti fanst honum það. Og þegar hann kemur í skólanum, heldur hann höndunum fyrir aftan bakið á sér. „Nú, Daniel, hefurðu þvegið þér? Lofaðu mér að sjá hendurnar á þér“—sagði kennarinn. Daniel rétti fram höndina, sem hann hafði sleikt. — „Ekki er hún góð“—segir kennarinn. Og ef þú getur sýnt mér nokkra hönd verri hér í skólanum en hana, þá skaltu sleppa við refsingu. — Daniel rétti þá fram hina höndina.

---

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örkl. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

---

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.  
Canada.

---

Hr. Sigrbjörn A. Gíslason í Reykjavík er aðal-umboðsmáðr „Sam.“ á Íslandi.